

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1972

Nr. 93.

232

16. nóvember 1972.

L Ö G

um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku
Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á erlendu láni allt að \$ 10 000 000, er Fiskveiðasjóður Íslands tekur til endurlána vegna kaupa á togurum, sem smíðaðir eru utanlands.

2. gr.

Drátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 75 frá 13. maí 1966, er Fiskveiðasjóði heimilt að veita eigendum skipanna lán, er nemi $\frac{1}{3}$ af kaupverði þeirra. Heimilast ríkisstjórninni að veita sjálfskuldarábyrgð á þeim hluta lánanna, sem er yfir $\frac{2}{3}$ kaupverðs skipanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. nóvember 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Stjórnartíðindi A 17, nr. 93. Útgáfudagur 17. nóvember 1972.